

Úrskurðarnefnd um upplýsingamál
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg

Reykjavík, 30.6.2026
Tilvísunarnúmer: ÚNU26040014

Efni: Umsögn vegna kæru Rótarinnar til úrskurðarnefndar um upplýsingamál vegna ákvörðunar Sjúkratrygginga um að afmá upplýsingar úr samningi við SÁÁ

Sjúkratryggingum barst erindi úrskurðarnefndar um upplýsingamál, dags. 20.4.2026. Í erindinu var tilkynnt um kæru f.h. Rótarinnar félagasamtaka (*kærandi*) sem lýtur að afgreiðslu Sjúkratrygginga á beiðni um aðgang að gögnum. Var stofnuninni veittur frestur til að skila umsögn um kæru og koma að frekari rökstuðningi fyrir ákvörðuninni.

I. Afhending gagna

Kærandi sendi beiðni til Sjúkratrygginga, dags. 12.2.2026, þar sem óskað var eftir því að fá afhentan þjónustusamning Sjúkratrygginga og SÁÁ dags. 19.12.2025. Í beiðninni var vísað til 5. gr. upplýsingalaga.

Sjúkratryggingar tóku afstöðu til beiðni kæranda og var ákvörðun send honum þann 16. apríl sl. Ákvörðun Sjúkratrygginga var eftirfarandi:

„Meðfylgjandi er samningur Sjúkratrygginga við SÁÁ frá desember 2025. Í samræmi við 9. gr. upplýsingalaga, nr. 140/2012, um takmarkanir á upplýsingarétti vegna einkahagsmuna er búið að afmá upplýsingar sem varða mikilvæga og virka fjárhags- og viðskiptahagsmuni SÁÁ.“

Kærandi fékk með því aðgang að umræddum gögnum í heild, en þó voru magntölu- og verðupplýsingar afmáðar með vísan til 9. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012.

II. Ástæður fyrir synjun á afhendingu upplýsinga

A. 9. gr. upplýsingalaga

Ákvæði 1. málsl. 9. gr. upplýsingalaga kveður á um að óheimilt sé að veita almenningi aðgang að gögnum um einka- og fjárhagsmálefni einstaklinga sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari. Samkvæmt 2. málsl. 9. gr. upplýsingalaga gilda sömu takmarkanir um aðgang að gögnum er varða mikilvæga virka fjárhags- eða viðskiptahagsmuni fyrirtækja og annarra lögaðila.

Í athugasemdum við 9. gr. frumvarpsins sem varð að upplýsingalögum er kveðið á um að óheimilt sé að veita viðkvæmar upplýsingar um rekstrar- og samkeppnisstöðu. Upplýsingar sem afmáðar voru í samningi Sjúkratrygginga og SÁÁ fela í sér magn- og verðupplýsingar, sem líklegt er að geti haft skaðleg áhrif á samkeppni yrðu þær gerðar aðgengar. Lagt var mat á það hvorir hagsmunir væru ríkari, þ.e. hagsmunir SÁÁ af því að opinbera ekki hinar afmáðu upplýsingar eða hagsmunir kæranda að fá þær afhentar. Að mati Sjúkratrygginga eru hagsmunir SÁÁ af að opinbera ekki umræddar upplýsingar ríkari en hagsmunir kæranda af að fá aðgang að umræddum upplýsingum.

Að mati Sjúkratrygginga fela hinar afmáðu upplýsingar í sér virka fjárhags- og viðskiptahagsmuni, sem hafa bein og raunveruleg áhrif á rekstur, samkeppnisstöðu og samningsstöðu. Helstu rök fyrir framangreindu eru þau að heilbrigðisþjónusta er sértækur markaður þar sem samkeppnin snýr fyrst og fremst að aðgengi að nauðsynlegum fagstéttum, s.s. læknum, hjúkrunarfræðingum, sjúkraþjálfurum o.fl. Verðlagning innan samninga felur í sér að sundurgreina þjónustuna niður í mælanlegar einingar sem endurspeglar framlag hverrar fagstéttar sem aftur hefur áhrif á samanburð og samkeppni milli þjónustuaðila. Upplýsingar um magn og einingaverð eru því viðkvæmar upplýsingar sem ættu ekki að vera aðgengilegar öðrum en samningsaðilum.

Einnig skiptir máli að samningur Sjúkratrygginga og SÁÁ er nýr og framkvæmd hans er enn á fyrstu stigum. Þá má benda á að samkvæmt samningnum starfar samstarfsnefnd aðila sem hefur það hlutverk að vakta umfang og tegund þjónustu samkvæmt samningnum og endurmeta ef notkun einstakra gjaldskrárliða viku frá því þjónustumagni eða fjölda þjónustuþega sem sett var við móttöku gjaldskrárinnar. Kostnaðargreining fer fram á samningstímanum, sem notuð er til endurskoðunar gjaldskrár og einstakra þjónustuþátta. Þetta styður enn við að um sé að ræða virka viðskiptahagsmuni og að þrátt fyrir undirritaðan samning þá séu samningsviðræður áframhaldandi fyrir tilstilli samstarfsnefndar.

B. 10. gr. upplýsingalaga

Til stuðnings niðurstöðu Sjúkratrygginga í málinu er enn fremur mikilvægt að horfa til 10. gr. upplýsingalaga um takmörkun að aðgengi upplýsinga á grundvelli almannahagsmuna, sér í lagi 3. tl. sem vísar til efnahagslegra mikilvægra hagsmuna ríkisins. Í umfjöllun um ákvæðið í greinargerð með frumvarpi sem varð að upplýsingalögum segir að undir þessa undanþágu falli m.a. upplýsingar sem eru þess eðlis að afhending þeirra og birting gæti skaðað fjárhag eða efnahag ríkisins.

Sjúkratryggingar telja ákvæðið styðja niðurstöðu stofnunarinnar um aðgang að gögnum. Bent er á að samningsumhverfi Sjúkratrygginga er þannig úr garði gert að stofnunin semur um endurgjald fyrir þjónustu á vettvangi hvers samningsaðila fyrir sig en ekki yfir heildarmarkað tiltekinnar heilbrigðisþjónustu. Ef upplýsingar um magn og einingaverð yrðu gerðar opinberar myndu viðsemjendur Sjúkratrygginga hafa kost á að bera sig saman við aðra án þess að hafa hvata til að líta til sveigjanleika eða mótvægisáðgerða sem kunna að eiga við í þeirra einstaka tilviki, sem gæti leitt til aukinna útgjalda hins opinbera og almennt til minni stjórnar á útgjöldum hins opinbera til heilbrigðisþjónustu.

Hlutverk Sjúkratrygginga er að annast samningsgerð um veitingu heilbrigðisþjónustu og um endurgjald ríkisins vegna hennar. Í því samhengi er brýnt að viðkvæmar upplýsingar um magn innkaupa og verðlagningu einstakra þjónustuþátta njóti trúnaðar, enda getur birting þeirra haft skaðleg áhrif á samningsstöðu stofnunarinnar og raskað eðlilegri samkeppni. Slík upplýsingagjöf kann jafnframt að skapa hvata til samræmingar meðal viðsemjenda um verð og verðlagningu, með tilheyrandi samkeppnislegum óæskilegum áhrifum.

III. Nánar um hinar afmáðu upplýsingar

Telji úrskurðarnefnd um upplýsingamál ekki rétt að fjarlægja bæði magn- og verðupplýsingar úr afhentum gögnum óska Sjúkratryggingar eftir því að sérstaklega sé tekin afstaða til þess hvort rétt sé að afmá verðupplýsingar (verðtölur í gjaldskrá) úr afhentum gögnum. Færa má rök fyrir því að þær upplýsingar séu

viðkvæmasti hluti gagnanna í framangreindum skilningi, jafnvel viðkvæmari en tölur um magn þeirrar þjónustu sem samið er um.

Með vísan til framangreinds er það mat Sjúkratrygginga að staðfesta eigi niðurstöðu stofnunarinnar um afhendingu upplýsinga. Óski úrskurðarnefndin einhverra frekari upplýsinga eða skýringa munu Sjúkratryggingar veita þær.

Virðingarfyllt,
f.h. Sjúkratrygginga

Undirritunarsíða

Berglind Ýr Karlsdóttir



Undirritað af:
Berglind Ýr Karlsdóttir
0104803109
Dags: 30.06.2026
Tími: 12:31:49
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 4b8ac6f9-be09-
49d7-9d4e-d1d690dcc88f